Listin að lesa
og skrifa

# Í SÍMA



1 2 3 4 5

Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar
(sjá http://www.nams.is/serkennsla/flokklestrarboka.pdf).



Eva er 5 ára,
Ævar er 8 ára
og Nína er 9 ára.

Ævar og Nína
eru vinir.

Ævar á Neró. 

Hvað sérðu marga krakka á myndinni? Hver ætli sé elstur?
Giskaðu á hvað þeir eru gamlir. Á hverju heldur litla stelpan?




Nína á síma
og Ævar á síma.
Eva á ekki síma.

Nína sá númer í
Síma-númer.
755 1234.




R-r-r-r-rin, rin, rin.



Hvaða bók liggur á gólfinu? Til hvers notar fólk símaskrá?
Hvað vill Eva? Hvernig hljóð heyrist þegar sími hringir?



Ævar masar í síma
og Nína masar í síma.

Ævar og Nína eru
að masa saman.

Nú má ég, sagði Eva.
Eva vælir og vælir.

Hverjir eru að masa í síma? Hvers vegna er Eva að væla?
Hvar geymir Ævar símaskrána?




Ekki væla, sagði Nína.
Ekki væla, Eva mín.

Ég vil masa við Neró
í símann, sagði Eva.

Neró masar ekki í síma,
Eva mín, sagði Nína.



Hvernig líður Evu núna? Af hverju er hún hætt að væla?
Við hvern vildi Eva tala? Geta hundar talað í síma? Átt þú gæludýr?



Neró má masa í síma,
sagði Ævar.
Á ég að ná í Neró?

Og Ævar nær í Neró.

Vó, vó, vó, vælir Neró.
Núna vælir Eva ekki.

Hvar er Neró að gera? En hvað er Ævar að gera? Við hvern er hann að tala? Hvað heldur þú að Neró segi Evu í símann?



Amma og Nína masa í síma.

Amma: Sæl, Nína mín.
Nína: Sæl, amma mín.
Eva var að væla.
Amma: Er Eva að væla núna?
Nína: Ekki núna.



Hverjir eru hér að masa saman? Hvað heldur þú að Nína sé að segja?
Hvernig eru föt ömmu á litinn? Hvernig er hárið á Evu á litinn?




Nína: Eva er að læra
um **N** og **Æ**.

Amma: En Eva er ekki læs.




Nína: Eva er ekki læs
en Eva les um **ás** og **ís**.

Hvað er Eva að gera? Hvaða orð er hún að læra að lesa?
Heldurðu að Eva sé læs? Getur þú fundið orð með æ og n?



Masa amma
og Neró saman?

Amma og Neró masa
ekki saman.

Amma og Nína masa saman.
Og amma og Eva masa saman.


Hvar er amma? Við hvern er amma að masa? Hvar eru Nína og Eva?
Sést Neró á myndinni? Manstu hver á Neró?

# Nokkur orð um notkun bókar

Æskilegt er að nemandi og kennari/foreldri skoði bókina saman áður en lesturinn hefst og ræði efni hennar m.a. út frá titli, myndum og kaflaheitum. Leggja skal áherslu á að nota orðin sem koma fyrir í textanum. Það auðveldar barninu lesturinn. Neðst á hverri blaðsíðu eru nokkrar spurningar sem styðjast má við. Gagnlegt er að ræða þær áður en hver síða er lesin. Þegar barnið hefur lesið textann má svo spyrja spurninga úr textanum til að ganga úr skugga um lesskilninginn.

Verkefnablöð með sögunni má finna á vef Menntamálastofnunar www.mms.is.

# Í síma

Lestrarbók 6a

ISBN 978-9979-0-2512-2

© 2004 Arnheiður Borg og Sigrún Löve
© 2004 teikningar Jean Posocco

Ritstjórn: Sylvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2004
önnur prentun 2015
Menntamálastofnun
Kópavogi

Umbrot: Námsgagnastofnun
Litgreining: Pixel ehf.
Prentun: Viðey ehf.

# 6a



Lestrarkennsluefnið

# *Listin að lesa og skrifa*

er fyrir byrjendur í lestri
og byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð.
Efnið skiptist í fjórar vinnubækur,
litlar lestrarbækur, lesspil, verkefni o.fl.

Í þessari bók eru bókstafirnir
*í, ó, s, á, l, a, i, r, ú, m, u, v, e, o, n* og *æ*
æfðir ásamt orðmyndunum
*ekki, ég, að, sagði, mamma* og *amma.*

Höfundar texta eru
Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Myndir gerði Jean Posocco.

MENNTAMÁLASTOFNUN
40253